

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Íslenska Gámafélagið ehf.
kt. 470596-2289

Starfsstöð: Hjallanesi 10-14, 730 Reyðarfjörður
Fastanúmer fasteignar; 232-2461

Leyfið gildir frá 6. maí 2019 Gildir til: 6. maí 2023

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Jarðgerð lífræns úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum á Austurlandi, að hámarki 600 tonn á ári.

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt í starfsstöðinni.

Starfsleyfið er gefið út til fjögurra ára en heimilt er að endurskoða það ef breytingar verða á starfsemi, rekstri eða staðsetningu að mati útgefanda.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt skv. ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Lára Guðm.
AUSTURLANDSVEÐIS

Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Íslenska Gámafélagið ehf. kt. 470596-2289
Starfsstöð: Hjallanesi 10-14, 730 Reyðarfirði
Fastanúmer: 232-2461

Leyfið gildir frá 6. maí 2019 til 6. maí 2023

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Jarðgerð lífræns úrgangs frá heimilum og fyrirtækjum á Austurlandi, að hámarki 600 tonn á ári.**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sem og á grunni umsóknar um starfsleyfi dags. 1. apríl 2019.

Lög og reglugerð sem um starfsemina gilda eru m.a.

- Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.
- Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs m.s.br.
- Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi

1. Tegund og umfang starfseminnar - jarðgerð

Starfsleyfið nær til jarðgerðar á allt að 600 tonnum af lífrænum úrgangi frá heimilum og fyrirtækjum á Austurlandi. Ekki er heimilt að taka við sláturúrgangi, dýrahraejum, slógi frá fiskvinnslum eða þ.h.

2. Almennar kröfur

- 2.1. Rekstaraðili skal halda athafnasvæðinu snyrtilegu og skal aðgangur að því vera takmarkaður. Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt.
- 2.2. Starfsemin skal öll fara fram á afmörkuðu svæði innan lóðar (sbr. mynd 1 í umsókn um starfsleyfi) og einungis á bundnu slitlagi með niðurföllum sem tengd eru sýnatökubrunni og fráveitukerfi sveitarfélagsins.

- 2.3. Starfsemi í starfsstöðinni skal ávallt vera undir yfirumsjón starfsmanns sem hefur þekkingu á búnaði stöðvarinnar og þeim starfsháttum sem starfsleyfi þetta kveður á um.
- 2.4. Rekstaraðili skal halda uppi skipulegum meindýravörnum á svæðinu og sjá til þess að hvorki fugl né nagdýr hafist við á svæðinu.
- 2.5. Jarðgerðarsvæðið skal aðskilið frá annarri starfsemi rekstaraðila og afmarkað frá henni, ekki er heimilt að hafa á svæðinu hluti eða vélar ótengdar starfseminni.

3. Mengunarvarnir

- 3.1. Öll starfsemin skal fara fram á bundnu slitlagi með niðurföllum. Sigvatni frá jarðgerðarvélum, hráefnishaugum og múgum skal leitt í gegnum sýnatökubrunn áður en því er hleypt inn á fráveitukerfi sveitarfélagsins. Taka skal árlega sýni af fráveituvatninu. Ef efni í fráveituvatninu mælast umfram leyfilegt hámark skv. neðangreindu skal gripið til ráðstafana til að hreinsa fráveituvatnið þannig að mæligildi verði innan marka.

Mæliþættir	lágmark	hámark
Svifagnir		500 mg/l
Lífræn efni sem COD		1000 mg O ₂ /l
Sýrustig pH	6,5	10
Hitastig		35°C

- 3.2. Lágmarka skal lyktarmengun s.s. með því að tryggja fullnægjandi loftun og nægilega þekju timburkurla. Gæta skal að vindátt þegar múgum er velt við.
- 3.3. Rekstaraðili skal leita allra ráða til að lágmarka magn plasts sem borist getur með hráefni á svæðið. Verði vart við plast á yfirborði moltuhauga og –múga eða annars staðar á svæðinu eða í kring skal það fjarlæggt jafnharðan.
- 3.4. Rekstaraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá starfseminni og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.5. Leitast skal leiða við að halda ryki frá starfseminni í lámarki og koma í veg fyrir að það geti valdið ónæði.
- 3.6. Komi til þess að ónæði eða ami verði af lyktarmengun frá hráefnum í jarðgerðina, jarðgerðarvélunum eða af afurðum jarðgerðarinnar skal fyrirtækið tafarlaust bregðast við og grípa til lagfæringa.
- 3.7. Verði um viðvarandi lyktarmengun eða ónæði af starfseminni að ræða áskilur HAUST sér rétt til að endurskoða starfsleyfið eða fella það niður.

4. Flutningur og vinnsla

- 4.1. Heimilisúrgangur til jarðgerðar skal fluttur í lokuðum ílátum og ekki er heimilt að geyma slíkan úrgang á svæðinu, heldur aðeins að flytja hann beint í vinnslu, þ.e. lífrænn úrgangur skal fara samdægurs í jarðgerðarvélina.
- 4.2. Stoðefni við jarðgerðina skulu eingöngu vera trjáskurl úr ómeðhöndluðu timbri og hrossatað.
- 4.3. Heimilt er að kurla ómeðhöndlað timbur til íblöndunar í jarðgerðina á athafnasvæðinu og geyma í takmörkuðu magni, að hámarki ígildi tveggja 20 feta gáma í senn.
- 4.4. Hrossatað skal einungis geymt í litlu magni á gámavellinum í senn. Einungis er heimilt að taka við stöðnu taði, þ.e. þannig að lyktarmengun sé í hófi.

- 4.5. Efnishaugar hvers konar og múgar af moltu í vinnslu skulu vera takmarkaðir við 2,5 m hæð og skulu þeir geymdir á afmörkuðum svæðum á bundnu slitlagi og séð til þess að ekki fjúki úr þeim.
- 4.6. Múgum skal velt við a.m.k. mánaðarlega.
- 4.7. Hitastig í múgum skal mælt með síritandi hitamæli og skulu mælingar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
- 4.8. Taka skal sýni af hverri framleiðslulotu fullunninnar moltu skv. ákvæðum í reglugerð nr. 142/2011 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis. Taka skal fimm sýni úr hverri framleiðslulotu og mæla skal E.coli eða saurkokka og salmonellu.
- 4.9. Þegar moltan er fullunnin skal hún sigtuð og flutt af staðnum til áframhaldandi notkunar.

5. Innra eftirlit fyrirtækisins

- 5.1. Viðhafa skal reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstarþáttum sem geta haft áhrif á mengun og/eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.
 - a) Magn, gerð og uppruni úrgangs sem tekið er á móti og ráðstöfun hans.
 - b) Magn stoðefna sem tekið er til jarðgerðar
 - c) Hitastigsmælingar úr múgum.
 - d) Hvenær múgum er velt við til að tryggja súrefnisstreymi að úrganginum
 - e) Þjónusta við fráveituvirki og niðurstöður efnamælinga í fráveituvatni
 - f) Niðurstöður gerlamælinga í fullunninni moltu.
 - g) Eftirlit með meindýrum og upplýsingar um meindýravarnir
 - h) Kvartanir sem berst vegna starfseminnar.

6. Takmarkanir á starfsleyfi og skilyrði

Leyfið er gefið út til fjögurra ára. Litið er á starfsleyfistímann sem reynslutíma. Á starfsleyfistímanum mun reglubundið eftirlit með starfseminni fara fram þrisvar sinnum árlega. Endurtekin brot á starfleyfis skilyrðum þessum geta varðað stöðvun eða takmörkun á starfsemi í samræmi við XVII kafla í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1. Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða starfsemin flytur.
- 1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3. Í starfsleyfi eru skráð sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.
- 1.4. Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt
- 1.5. Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.6. Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7. Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

- 2.1. Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sörpílát.
- 2.2. Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3. Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4. Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 2.5. Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

3. MENGUNARVARNIR

- 3.1. Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- 3.2. Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðiseftirlitinu heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar
- 3.3. Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislislagna séu tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarvarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.
- 3.4. Í meðferð alls úrgangs verði gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.
- 3.5. Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisaskaða eða heilsutjóni almennings.
- 3.6. Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.
- 3.7. Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins
- 3.8. Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndu sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.
- 3.9. Heilbrigðiseftirlitið getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögðin a.m.k. einu sinni á ári.

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

- 4.1. Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er nokkur kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
- 4.2. Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.
- 4.3. Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.
- 4.4. Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð,

traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

- 4.5. Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.
- 4.6. Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.
- 4.7. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

5. EFTIRLIT

- 5.1. Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.